

Kennsluáætlun í jarðfræði fyrir 4. bekk

Haust - 2022

Kennsluefni: efni frá kennara birt í Innu

Kaflar	Helstu atriði	Helstu námsmarkmið	Verkefni
1. Steindir Vika 34-35	Frumsteindir og holufyllingar	Þekkja algengustu frumsteindir og holufyllingar. Gera sér grein fyrir myndun þeirra	Verkefni úr kaflanum
2. Berg Vika 36-37	Storkuberg Gosberg og djúpberg Innskotsberg og gosbergsmyndanir	Gera sér grein fyrir innri og ytri einkennum storkubergs. Þekkja helstu gerðir af gosbergi og djúpbergi. Þekkja helstu innskotsmyndanir og gosbergsmyndanir. Gera sér grein fyrir flokkun gosbergsmyndana í gjósku og föst gosefni.	Verkefni: greina sýni Verkefni úr kaflanum
3. Íslenskar eldstöðvar Vika 38-39	Basalteldstöðvar og megineldstöðvar Gos undir jökli/í vatni	Að þekkja flokkun íslenskra eldstöðva í basalt- og megineldstöðvar og á hverju flokkunin byggir þ.e. kvikugerð og mismunandi eldvirkni. Þekkja það ferli sem á sér stað þegar gos verður undir jökli eða í sjó.	Verkefni úr kaflanum Mynd
4. Jarðhiti Vika 40	Lekt Lág- og háhitasvæði Nýting jarðhita	Vita hvað skilur að lág- og háhitasvæði og þekkja muninn á milli svæðanna. Að geta tengt jarðhitann við eldvirknina og gera sér grein fyrir því hvernig við nýtum hann.	Verkefni úr kaflanum Próf úr 1-4. kafla
5. Jarðskjálftar Vika 41	Stærð skjálfta Skjálftabylgjur Misgengi Jarðskjálftasvæði	Gera sér grein fyrir stærð skjálfta og um hverskonar skjálftabylgjur er að ræða. Þekkja helstu gerðir misgengja. Vita hvar helstu jarðskjálftasvæði jarðar liggja og hversvegna.	Verkefni úr kaflanum Mynd
6. Höggun Vika 42	Innri gerð jarðar Flekakenningin Mörk flekanna Landrekskenningin	Gera sér grein fyrir innri skiptingu jarðar í kjarna, möttul og jarðskorpu. Þekkja flekakenninguna sem skýrir hreyfingar jarðskorpunnar og hvernig jarðskorpan skiptist upp í fleka við annað hvort flekamót eða flekaskil. Geta rakið landrekskenninguna.	Verkefni úr kaflanum
7. Veðrun og rof Vika 43	Veðrun og rof Vindsvörfun Uppblástur og rofabörð	Geta skilgreint veðrun og rof. Þekkja muninn á efnaveðrun og frostveðrun Þekkja rofmátt vindsins og hvernig hann tekur þátt í svörfun yfirborðs jarðar. Gera sér grein fyrir ferli uppblásturs hélendis fram á okkar daga - rofabörð.	Verkefni úr kaflanum

8. Set Vika 44	Molaberg, efnaset og lífrænt set Laus jarðlög (jarðvegur) Frostverkanir	Gera sér grein fyrir skiptingu setbergs eftir myndunarhætti í molaberg efnaset og lífrænt set. Þekkja dæmi. Þekkja skiptingu á jarðvegi í þrjú lög. Þekkja hinar ýmsu frostverkanir.	Verkefni úr kaflanum Próf úr 5-8. kafla
9. Vatn Vika 45	Grunnvatn Grunnvatn á Íslandi Íslensk vatnsföll Landmótun og set Stöðuvötn	Geta skilgreint grunnvatn, grunnvatnsflöt og jarðrakasvæði Gera sér grein fyrir legu grunnvatns-svæða á Íslandi - blágrýti/kvartersvæði. Gera sér grein fyrir flokkun íslenskra vatnsfalla í lindár, dragár og jökulár - þekkja dæmi. Gera sér grein fyrir svörfun vatns á landslagi - landmótun. Þekkja þróun á farvegum vatnsfalla - bugður og einkennum vatnsets. Þekkja flokkun íslenskra stöðuvatna.	Verkefni úr kaflanum
10. Jöklar Vika 46	Gerðir jökla Jökulsprungur Landmótun og setmyndun jökla	Þekkja helstu gerðir jökla hérlendis - og flokkun þeirra eftir legu og útliti. Gera sér grein fyrir gerðum sprungna í jöklum. Þekkja til landmótunar og setmyndunar í jökulrænu umhverfi.	Verkefni úr kaflanum Mynd
11. Jarðsaga Íslands Vika 47	Blágrýtismyndun og kvartermyndun/ísöld Síðjökultími og nútími	Blágrýtismyndunin (tertíer) - þekkja til eldvirkni, megineldstöðva, ummyndunar og millilaga. Gera sér grein fyrir loftslagi á tertíer og flóru/fánu hérlendis. Gera sér grein fyrir aðstæðum á ísöld geta borið saman við tertíer. Þekkja helstu einkenni jarðlaga á ísöld og geta nefnt dæmi. Gera sér grein fyrir því sem er að gerast á síðjökultíma - sjávarstöðubreytingar. Þekkja skiptingu skeiða innan nútíma.	Verkefni unnið í tíma úr öllum köflunum

Kennsluhættir: sex 40 mínútna kennslustundir á viku

Námseinkunn vegur 50% af lokaeinkunn í jarðfræði í 4. bekk og reiknast á eftirfarandi hátt:

Kaflapróf	50%
Verkefni	30%
Mat kennara	20%

Stúdentseinkunn (lokapróf) vegur 50% af lokaeinkunn. Með fyrirvara um breytingar.

Gangi þér vel, Ólöf og Ingibjörg